



HÖFUNDA- OG HUGVERKARÉTTUR

Nafn fyrirtækis, kt. xxxxxx-xxxx til heimilis að X, í samningi þessum nefnt félagið, og Nafn starfsmanns, kt. xxxxxx-xxxx til heimils að X í samningi þessum nefndur starfsmaður, gera með sér svohljóðandi samning um höfunda- og hugverkarétt og er samningurinn fylgiskjal með ráðningarsamningi, dags. d.m.á.

Starfsmaður vinnur verk sín í nafni og á ábyrgð *félagsins*. Skýrslur, álitserðir, reikniverk, uppfinningar og önnur hugverk eða afurðir sem hann vinnur að sem starfsmaður *félagsins* skulu vera óskoruð eign *félagsins*. Það á við hvort sem um er að ræða verk sem höfundaréttur gildir um skv. höfundalögum, atvinnuleyndarmál, uppfinningu sem vernduð verður með einkaleyfi eða hvers konar hugverk sem starfsmaður vinnur að eða þróar í starfi sínu í þágu *félagsins*.

Aðilar eru sammála um að *félagið* hafi fullan rétt til útgáfu og hagnýtingar á hverju því efni sem starfsmaður vinnur í starfi sínu og njóta kann verndar skv. ákvæðum höfundalaga.

Uppfinning sem starfsmaður kemur að í starfi sínu, hvort heldur sem hún er einkaleyfishæf eða ekki, verður óskoruð eign *félagsins* og er endurgjald starfsmanns vegna uppfinninga í starfi hluti ráðningarkjara hans. Fari verðmæti uppfinningar langt umfram það sem félagið hafði væntingar um mun hann ákvarða sérstaka þóknun til starfsmanns. Í samningi þessum felst einnig endanlegt og ótakmarkað framsal starfsmanns til *félagsins* á þeim uppfinningum sem hugsanlega hafa þegar verið gerðar.

Í útgáfurétti *félags* felst réttur til endurútgáfu á handriti vegna breytinga sem leiða af tækniþróun, breytingu á lögum, dómaframkvæmd, eða öðrum breytingum. Endurskoðun á handritum haggar ekki höfundarétti höfundar. Við endurútgáfu á handriti skal höfundar getið og þess sem umsjón hefur með endurútgáfu.

Öll skjöl og gögn sem starfsmaður hefur undir höndum vegna starfs síns, hvort heldur sem eru skrifuð gögn eða í tölvutæku formi, teljast eign *félagsins*.

Við starfslok er starfsmanni óheimilt, án skriflegs samþykkis *félagsins*, að eyða eða breyta gögnum sem hann kann að hafa í vörslu sinni hvort heldur sem gögnin eru á pappír, í tölvutæku, stafræn eða í öðru formi. Við starfslok skal starfsmaður skila öllum gögnum sem tilheyra félaginu og eru í vörslu hans. Starfsmaður öðlast í engu tilviki haldsrétt í slíkum gögnum.

Samkomulag þetta er hluti ráðningarsamnings aðila.

Staður, dagsetning

Nafn staðs, d.m.á.

Starfsmaður

F.h. félagsins

Nafn starfsmanns

Nafn félags